


Fyrir hverja?

Ævisafn III er fyrir þá sem vilja vera í blönduðu verðbréfasafni og þola litlar sveiflur á ávöxtun.



Upplýsingar

Stofndagur:	
	30.06.1998
Heildarstærð (kr.):	
	60.759M

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðssins er um 0,3% af meðaleignum.

Kennitölur og tölfræði

Meðaltími:	4,3
Staðalfrávik ávöxtunar:	3,5%
5% VaR (mán. tímabil):	-1,1%
Sharpe hlutfall:	0,4
Verðtryggingahlutfall ávöxtunarleiðar:	37,1%

Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 5 ár. Nánar um kennitölur og tölfræði, sjá baksíðu.

Fjárfestingarstefna

Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Eignaflokkur	Stefna	Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	70%	60%	80%
Innlán	8%	0%	20%
Skuldabréf			
Innlend	53%	25%	80%
Erlend	9%	0%	15%
Hlutabréf	30%	20%	40%
Innlend	6%	2%	11%
Erlend	24%	13%	34%
Meðaltími	6,5 ár	3 ár	8 ár

Um Safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta lífeyrissparnað sinn í dreifðu eignasafni sem fjárfestir í innlendum og erlendum verðbréfum.

Ævisafn III hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn og vilja taka litla áhættu. Mælt er með Ævisafni III fyrir sjóðfélaga sem eru 57 ára og eldri. Ávöxtunartími inneignar í þessu safni er að jafnaði 5-20 ár. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun með auknu vægi skuldabréfa. Erlend hlutabréf safnsins eru að miklu leyti í skráðum hlutabréfasjóðum sem hver um sig fjárfestir í fjölda fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum og í mismunandi löndum, afkoma einstakra fyrirtækja vegur því lítið í heildarávöxtun safnsins. Til að dreifa áhættu enn frekar er stefnt að því að stór hluti erlendra hlutabréfasjóða séu markaðstengdir sjóðir.

Orðsending sjóðstjóra

Ævisafn III hefur hækkað um 6,4% frá áramótum. Hækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum og innlendum skuldabréfamarkaði hafa haft mest áhrif til hækkunar á gengi safnsins en lækkunir á innlendum hlutabréfamarkaði, veiking USD og styrking krónunnar hefur dregið úr þeirri hækkun. Heimsvísitala hlutabréfa í USD (MSCI World) hefur hækkað um 20,1% frá áramótum í USD en um 11,4% mælt í íslenskum krónum. Hlutfall erlendraigna í safninu er 32,8%.

Heildarvísitala aðallista innlendra hlutabréfa hefur lækkað um 10,1% frá áramótum. Verðtryggð vísitala skuldabréfa með 10 ára meðaltíma hefur hækkaði um 6,1% frá áramótum en verðtryggð bréf með 5 ára meðaltíma hafa hækkað um 6,6%.


Eignasamsetning

Stærstu eignaflokkar	Vægi	Raunávöxtun	Nafnávöxtun
Erlend hlutabréf	24,4%	Frá áramótum	2,6%
Erlend skuldabréf	8,4%	Sl. 1 ár	2,4%
Innlán í erlendum gjaldeyri	0,6%	Sl. 3 ár	2,6%
Innlán í íslenskum krónum	9,8%	Sl. 5 ár	1,0%
Innlend hlutabréf	6,3%	Sl. 10 ár	2,6%
Innlend skuldabréf	50,5%	Frá stofnun	1,6%
Total	100,0%		

Stærstu 10 útgefendurnir

Skuldabréf	Vægi	Hlutabréf	Vægi
Sjóðfélagalán	17,4%	NVIDIA Corp	1,1%
Ísland - Ríkisskuldabréf	10,6%	Microsoft Corp	1,0%
Vanguard - US Government Bond Index Fund	3,0%	Apple Inc	0,9%
Íslandsbanki hf.	2,8%	Alphabet Inc	0,6%
Vanguard Global Corporate Bond Index Fund	2,6%	Amazon.com Inc	0,5%
Reitir fasteignafélag hf.	2,4%	Festi hf.	0,5%
Eik fasteignafélag hf.	2,2%	Arion banki hf.	0,5%
Landsbankinn hf.	1,9%	Meta Platforms Inc	0,4%
Reykjavíkurborg	1,8%	Broadcom Inc	0,4%
Heimar hf.	1,7%	Eik fasteignafélag hf.	0,4%
Fjöldi útgefenda um:	51	Fjöldi útgefenda um:	4.481

Gengispróun sl. 10 ár



Gengispróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunar-tekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfs-greinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tækniþræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Ævisafn III eer hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóð-félaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verð-bóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Fyrirvari um eignamat

Lífeyrissjóðurinn metur eignir safnsins með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum um markaðsverð. Markaðsverð verðbréfa ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni og getur breyst með stuttum fyrirvara. Fjárhagslegur styrkleiki útgefenda verðbréfa getur einnig breyst og haft áhrif á eignamat. Nánari upplýsingar um eignamat eru í ársskýrslu sjóðsins.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn


Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Sími 510-2500

almenni@almenni.is

www.almenni.is

Landa- og atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfatengdra eigna



Kennitölur og tölfræði

Flökt/Staðalfrávik (e. Standard Deviation)

Flöktið mælir sveiflur frá meðalávöxtun. Lágt staðalfrávik gefur til kynna að útkoman sé yfirleitt nálægt meðaltali en hátt staðalfrávik segir að mikill breytileiki geti verið á útkomu eða miklar sveiflur á ávöxtun.

$$\sigma = \sqrt{\frac{1}{N-1} \sum_{i=1}^N (X_i - \bar{X})^2}$$

X_i - Ávöxtun safnsins
 $\bar{X}$ - Meðalávöxtun safnsins
N - Fjöldi mælinga

VaR/Fé í húfi (e. Value at Risk)

Með VaR / fé í húfi er átt við hve mikið er talið að virði eignasafns geti rýrnað á tilteknu tímabili undir eðlilegum kringumstæðum. 5% VaR þýðir að á einum mánuði á ákveðnu tímabili þá eru 5% líkur að safn muni falla í verði um x% eða meira. Hægt er því að margfalda inneignina sína í safninu við hlutfallstöluna sem birt er við VaR á upplýsingablaðinu til að vita krónu upphæð sem er áhættuvirði.

Til dæmis, ef eignasafn verðbréfa hefur einn mánuð 5%-VaR x% eru 5% líkur á því að safnið muni falla í verði um x% eða meira á einum mánuði. Þetta er jafngilt að segja að það er hugsanlegt tap upp á x% eða meira á þessari eign á einum mánuði af tutugu.

Sharpe-hlutfall

Sharpe hlutfallið er mælikvarði á ávöxtun að teknu tilliti til áhættu (staðalfrávik ávöxtunar safnsins). Í samanburði milli ávöxtunarleiða gefur hærra Sharpe hlutfall til kynna að meiri líkur séu á því að ávöxtun safns verði umfram ávöxtun áhættulausrar eignar að teknu tilliti til áhættu safnsins. Jákvætt Sharpe hlutfall gefur til kynna að viðkomandi safn hafi gefið ávöxtun umfram áhættulausa eign að teknu tilliti til áhættu í safninu. Aftur á móti er neikvætt Sharpe hlutfall gagnlegt í samanburði milli ávöxtunarleiða og því lægri neikvæða tölu sem safn hefur er það líklegra til að gefa ávöxtun umfram áhættulausa eign að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu.

$$\text{Sharpe} = \frac{R - R_f}{\sigma}$$

R - Ávöxtun safnsins
 R_f - Áhættulausir vextir
 σ - Staðalfrávik safnsins

Um skuldara- og markaðsáhættu

Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáhætta er talin lítill ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda í söfnum..

Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.